



Fundargerð

1. fundur Velferðarráðs haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, Fimmtudaginn 15. ágúst 2024, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Jón Geir Ólafsson, Auður Eypórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Sólveig Ólafsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Valgeir J. Guðmundsson og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Formaður ráðsins, Bergur Sigfússon, bauð ráðsmenn velkomna á fyrsta fund Velferðarráðs og vonaði til þess að samstarf ráðsmanna yrði með ágætum.

Almenn mál

- 2408001 - Kosning varaformanns Velferðarráðs Skaftárhrepps
Formaður ráðsins, lagði til að Auður Eypórsdóttir, yrði kjörin varaformaður Velferðarráðs. Var tillaga formanns samþykkt samhljóða.
- 2408002 - Erindisbréf Velferðarráðs og hlutverk ráðsins.
Fundarmenn fóru í gegnum erindisbréf Velferðarráðs og hlutverk ráðsins.
Fundarmenn fóru í gegnum erindisbréf Velferðarráðs og hlutverk ráðsins.
- 2408003 - Fundartími Velferðarráðs
Formaður lagði til að Velferðarráð myndi funda fjórða fimmtudag í hverjum mánuði klukkan 13.00. Tillaga formanns samþykkt. Verður því næsti fundur ráðsins fimmtudaginn, 29. ágúst klukkan 13.00.
- 2408004 - Erindi frá forstöðumanni Ípróttamiðstövar.
Lagt fram bréf, dagsett, 9. ágúst 2024. Með bréfinu óskar forstöðumaður Ípróttamiðstövar eftir að opnunartími sundlaugar verði breytt. Sundlaugin verði opin á sunnudögum en lokuð á öðrum rauðum dögum. Ráðið frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir að fjármálastjóri sveitarfélagsins reikni út kostnaðarauka við þessa ósk.
- 2408005 - Uppskeruhátíð Skaftárhrepps
Jón Geir Ólafsson, gerði grein fyrir málinu og greindi frá því að undirbúningur gengi vel og að hann myndi leggja fram drög af dagskrá á næsta fundi ráðsins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Shi", "GB", "BS", and "SS".



6. 2408006 - Málefni leik- og grunnskóla Skaftárhrepps

Valgeir J. Guðmundsson, settur skólastjóri gerði grein fyrir málinu. Skólanum hefur verið skipt í þrjár deildir og vantar í raun enn tvo kennara til að niðurröðun yrði fullkomin. Það er von skólastjóra að úr því rætist. Kennt verður í eftirfarandi bekkjarhópum, 1 til 3 bekk, 4 til 6 bekk og 7 til 10 bekk. Talsverðar umræður urðu um framkvæmdir við grunnskólann og jafnframt urðu talsverðar umræður um starfsemi skólans og stöðu starfsmanna. Ráðið leggur til að unnin verði mennta- og fjölskyldustefna fyrir sveitarfélagið sem fyrst.

7. 2408007 - Val á áheyrnarfulltrúa starfsmanna


Ráðið samþykkti samhljóða að starfsmenn úr hvorri deild fyrir sig myndu velja sér áheyrnarfulltrúa til að byrja með og er skólastjóra falið að tilkynna formanni um val á þessum aðilum.

8. 2408008 - Val á áheyrnarfulltrúa foreldra


Ráðið samþykkir samhljóða að á meðan foreldrafélögin eru tvö muni þau velja sitt hvorn aðilan til að sitja fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúar. Skólastjóra falið að tilkynna formanni um val á þessum aðilum.


Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14.43.


Bergur Sigfússon


Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir


Gunnar Pétur Sigmarsson


Jón Geir Ólafsson


Auður Eypórsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson


Sólveig Ólafsdóttir